



Ársfundur 2025

Almenna lífeyrissjóðsins

Hilton Reykjavík Nordica 3. apríl



Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Skýrsla stjórnar

Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar



Stjórn Almenna árið 2024–2025

Aftari röð frá vinstri: Albert Þór Jónsson, Elva Ósk S. Wium,
Már Wolfgang Mixa og Þórarinn Guðnason.

Sitjandi fyrir framan, frá vinstri: Sigríður Magnúsdóttir,
formaður, og Arna Guðmundsdóttir, varaformaður.

Árið 2024



Góð ávöxtun á kosningaárinu
mikla

15. janúar 2025

Almenni birti
frétt um
ávöxtun 2024
þann 15.
janúar sl.

Sögulegt stjórnaðkjör



32 í framboði til stjórnar

14. mars 2025

Fögnum
miklum áhuga
á starfsemi
sjóðsins


Fjárfestingarstefna



- Markmið um eignasamsetningu
- Vikmörk
- Takmarkanir
 - Vægi útgefanda
 - Vægi sjóða
 - Erlendur gjaldeyrir
- Viðmið
 - Lánshæfismat
 - Fjárhagslegur styrkleiki

Eignir og fjárfestingarstefna

Ævisafn II




Sjöunda ávöxtunarleiðin



Fyrir þá sem
vilja vera
100% í
erlendum
verðbréfum

Áhættustýring



 **Bókaðu tíma**
í ráðgjöf →

Heimsókn



L

Lánafundur (heimsókn)

60 mín



A

Að nálgast eftirlaun/vegna starfsloka (heimsókn)

60 mín



A

Að hefja störf/skipta um vinnu (heimsókn)

60 mín



S

Skoða ávöxtunarleiðir/stöðufundur (heimsókn)

50 mín



A

Annað (heimsókn)

40 mín



Símtal



Fjarfundur



Fræðsla fyrir sjóðfélaga



Eftirlaun í útlöndum

21. febrúar 2025


Mikill áhugi
virðist vera á
að verja hluta
eftirlaunaára í
útlöndum



Hversu vel eða illa þekkir þú þetta vörumerki?

Þróun markaðar

Hlutfall sem þekkir merki



Almenní
er þekkt
vörumerki

Samstarf um séreignarsparnað



Viðurkenning

Öflugur
samstarfs-
aðili

Viðræður um samruna



Almennir og Lífsverk hefja sameiningarviðræður

26. mars 2025

Hagræðing og
áhættudreifing

Önnur mikilvæg atriði



10. mars 2025 / Fjármála- og efnahagsráðuneytið

| Tillögur um uppgjör HFF-bréfa sem greiða mun fyrir slitum ÍL-sjóðs

60 ára farsæl saga
Almenni lífeyrissjóðurinn 1965-2025

Ársreikningur 2024

Gunnar Baldvinsson





Ársskýrsla á
rafrænu formi er
á heimasíðu

www.almenni.is:
Um Almenna >
Útgefið efni

HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

Ársskýrsla 2024



ALMENNI
LÍFEYRISJÓÐURINN



Starfsemi og rekstur

Starfsemi Almenna	4
Aðgengilegur og upplýsandi vefur	5
Yfirsýn og aðgerðir	6
Árið í máli og myndum	7
Stjórn og endurskoðunarnefnd	8
Starfsfólk og skrifstofa	9
Tryggingafræðileg staða	11
Hagstæð lífeyrisréttindi	12
Rekstrarkostnaður	13
Lán til sjóðfélaga	14
Lífeyrisgreiðslur	15

Ávöxtun og fjárfestingar

Ávöxtunarleiðir	17
Ávöxtun 2024	18
Fjárfestingarumhverfið 2024	19
Fjárfestingastefna	20
Sjálfbærni í fjárfestingum	21
Eignasamsetning	22
Innlend skuldabréf	23
Innlend hlutabréf	24
Erlendar eignir	25
Erlend hlutabréf	26
Erlend skuldabréf	27
Tíu stærstu útgefendur skuldabréfa	28
Tíu stærstu útgefendur hlutabréfa	29

Ársreikningur

Skýrsla stjórnar	31
Áritun óháðs endurskoðanda	35
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	38
Efnahagsreikningur	39
Sjóðstreymisyfirlit	40
Yfirlit yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs	41
Efnisyfirlit skýringa	48
– Áhættustýring og umfang áhættu	68
– Kennitölur	74
Selected Financial Information	83

Fylgiskjöl

Útdráttur úr fjárfestingarstefnu 2025	98
Útdráttur úr áhættustefnu	102
Stjórnarháttayfirlýsing 2024	104
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	108

Flýtihnappar:

Fara í efnisyfirlit:



Fara á fyrri síðu:



Fara á næstu síðu:



Mikið af
upplýsingum,
samals 109
blaðsíður



Skýringar við ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins 2024

Reikningsskilaaðferðir		Skýringar við rekstrarreikning		Skýringar við efnahagsreikning		Áhættustýring og umfang áhættu	
Upplýsingar um sjóðinn	49	lögjöld	51	Eignarhlutir í félögum og sjóðum	57	Greining áhættupátta og áhættustýring	68
Grundvöllur reikningsskilanna	49	Lífeyrir	51	Hlutabréf	58	Eftirlit og stýring fjárhagslegrar áhættu	68
Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða	49	Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	52	Hlutdeildarskírteini og hlutir í verðbréfasjóðum	60	Eftirlit og stýring mótaðilaáhættu	71
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	49	Hreinar tekjur af skuldabréfum	53	Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	61	Eftirlit og stýring útlánaáhættu	71
Erlendir gjaldmiðlar	49	Fjárfestingargjöld	54	Skuldabréf	63	Eftirlit og stýring lausafjárahættu	72
lögjöld	49	Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	56	Veðskuldabréf	63	Eftirlit og stýring skuldbindinga-áhættu	73
Lífeyrir	49	Laun og laungatengd gjöld	56	Niðurfærsla verðbréfa	63	Eftirlit og stýring rekstraráhættu	73
Hreinar fjárfestingartekjur	49	Laun stjórnarmanna, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda	56	Fjárfestingar eftir gjaldmiðlum	64		
Fjárfestingargjöld	49	Þóknun til endurskoðenda	56	Þrepaskipting gangvirðis	65		
Fjárfestingar	49	Þóknun til tryggingastærðfræðings	56	Flokkun fjáreigna og fjárskulda	66	Kennitölur	74
Varanlegir rekstrarfjármunir	49			Aðrar kröfur	66		
				Varanlegir rekstrarfjármunir	66		
Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða				Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	66		
Eignamat verðbréfa	50			Aðrar skuldir	66		
Skuldbindingar utan efnahags	50			Tryggingafræðileg staða	67		

Ítarlegar
skýringar

Ársreikningur
á bls. 30

Ársreikningur

Almenna lífeyrissjóðsins 2024

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyris-sjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyris-sjóða. Sjóðurinn metur öll markaðsverðbréf á markaðsverði en veðskuldabréf eru metin á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum að frádreginni virðisrýrnun.

Eignir og fjöldi sjóðfélaga

Í árslok 2024 nam hrein eign til greiðslu lífeyris 477 milljörðum króna og stækkaði sjóðurinn um 62 milljarða eða um 14,8% á árinu. Sjóðfélagar í árslok voru 63.414 og fjölgaði þeim um 5,4% milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris í séreignarsjóði var 252 milljarðar og í samtryggingarsjóði 225 milljarðar.

Iðgjöld

Greidd iðgjöld til sjóðsins árið 2024 voru samtals 25,4 milljarðar sem er 9,5% hækkun frá árinu áður. Iðgjöldin skiptust þannig að lágmarksiðgjöld voru 19,5 milljarðar og viðbótariðgjöld 5,8 milljarðar. Á árinu greiddu 11.883 sjóðfélagar að meðaltali til samtryggingarsjóðs á móti 11.200 árið áður sem er 6,1% fjölgun milli ára. Iðgjöld í samtryggingarsjóð námu alls 10,9 milljörðum sem er 9,5% hækkun milli ára. Á árinu greiddi 7.121 sjóðfélagi að meðaltali viðbótarsparnað til séreignarsjóðs á móti 6.951 árið áður sem er 2,4% aukning milli ára. Iðgjöld í séreignarsjóð voru 14,5 milljarðar sem er 9,5% hækkun frá árinu áður.

Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur samtryggingarsjóðs voru alls 5,5 milljarðar árið 2024 sem er 18,6% hækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 3.490. Lífeyrisgreiðslur séreignarsjóðs námu alls 8,2 milljörðum sem er 16,6% hækkun frá árinu áður. Á árinu var greiddur 1,2 milljarður inn á húsnæðislán til 2.984 sjóðfélaga og 70,1 milljónir vegna kaupa á fyrstu íbúð fyrir 88 sjóðfélaga samkvæmt úrræði ríkisstjórnarinnar sem heimilar sjóðfélögum að greiða tímabundið inn á höfuðstól

húsnæðislána og verja uppsöfnuðu iðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð á tíu ára tímabili.

Sjóðfélagalán

Sjóðurinn lánaði sjóðfélögum 8,9 milljarða með veði í fasteignum árið 2024, en árið á undan voru veitt ný lán fyrir 9,7 milljarða. Á árinu voru greidd upp eldri lán fyrir 3,5 milljarða þannig að nettó lánveitingar námu 5,4 milljörðum en árið á undan nam uppgreiðsla eldri lána 2,2 milljörðum og nettó lánveitingar voru 7,5 milljarðar.

Verðbréfaeign og ávöxtun

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í verðbréfum fyrir 56,8 milljarða á árinu 2024 og eru upplýsingar um eignasamsetningu ávöxtunarleiða í ársreikningnum.

Árið 2024 reyndist fjárfestum hagfelld, þar sem helstu verðbréfamarkaðir skiluðu góðri ávöxtun. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins sýndu jákvæða nafnávöxtun á bilinu 6,6% til 13,8% og raunávöxtun frá 1,7% til 8,7%. Hæsta ávöxtunin var í Ævisafni I, sem hækkaði um 13,8%, sem jafngildir 8,7% raunávöxtun.

Horfur í upphafi árs 2025 eru nokkuð blandaðar. Verðbólga hefur hjaðnað í mörgum löndum, sem ætti að skapa svigrúm fyrir vaxtalækkun. Í Bandaríkjunum hefur nýr forseti tekið við embætti, og nokkur óvissa ríkir um áhrif nýrrar stjórnarstefnu á heimshagkerfið. Forsetinn boðar innleiðingu tolla til að vernda bandarískan iðnað, sem gæti leitt til tollastríðs með mögulegum áhrifum á alþjóðlega hlutabréfamarkaði. Hagvöxtur í Bandaríkjunum er ágætur, og markaðsaðilar gera nú ráð fyrir að frekari vaxtalækkanir Seðlabanka Bandaríkjanna muni dragast lengur en áður var talið. Áframhaldandi stríðsátök eru í Úkraínu en nýlegar tilraunir til samninga hafa vakið vonir um frið. Við botn Miðjarðarhafs hefur verið samið um vopnahlé en ástandið þar er enn brothætt. Á Íslandi er verðbólga á niðurlæð og Seðlabankinn hefur hafið vaxtalækkunarferli. Markaðsaðilar gera ráð fyrir að vextir lækki nokkuð á árinu.

Þó ríkir óvissa vegna jarðhræringa, sem gætu haft áhrif á hagkerfið. Ný ríkisstjórn boðar innleiðingu auðlindagjalda á sjávarútveg og ferðaþjónustu, sem skapar óvissu fyrir stærstu útflutningsgreinar landsins og gæti dregið úr fjárfestingum. Á móti kemur að hagkerfið er í miklum vexti, og langtímahorfur eru jákvæðar.

Laun og fjöldi stöðugilda

Laun og launatengd gjöld starfsmanna, stjórnar, kjörnefndar og endurskoðunarnefndar námu 590 milljónum á árinu. Hækkun orlofsskuldbindingar milli ára nam 44,5 milljónum. Stöðugildi voru 24 í lok árs.

Tryggingafræðileg staða

Við mat á fjárhagsstöðu samtryggingarsjóðs eru eignir bornar saman við skuldbindingar. Tryggingafræðileg staða skiptist í þrjá hluta.

1. Áunnin staða. Núverandi eignir eru bornar saman við skuldbindingar vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér með greiðslum í sjóðinn.
2. Framtíðarstaða. Núvirði iðgjalda virkra sjóðfélaga til 70 ára aldurs er borið saman við réttindi sem framtíðariðgjöld mynda.
3. Heildarstaða, samanburður á heildareignum og heildarskuldbindingum. Heildareignir eru samtala núverandi eigna og núvirði framtíðariðgjalda. Heildarskuldbindingar eru samtala áunninna skuldbindinga og framtíðarskuldbindinga.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við mat á skuldbindingum samtryggingarsjóðs.

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Gert er ráð fyrir lækkaníðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og

Skýrsla stjórnar
á bls. 31-34

Áritun óháðs endurskoðanda á bls. 35-37



Til stjórnar og sjóðfélaga í Almenna lífeyrissjóðnum

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingarsjóðs, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Almenna lífeyrissjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt Almenna lífeyrissjóðnum óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að

okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

• Mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti

Verðmæti óskráðra fjárfestinga og skráðra fjárfestinga með stopul viðskipti nam 111.466 m.kr. eða um 23,4% af heildareignum þann 31. desember 2024 (98.442 m.kr. þann 31. desember 2023). Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisþrepi 2 og 3 í skýringum í ársreikningi.

Á meðal ofangreindra fjárfestinga eru óskráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, framtakssjóðir (sjóðir um sameiginlega fjárfestingu), óskráð skuldabréf og skráð skuldabréf með stopul viðskipti. Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati stjórnenda, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á ávöxtunarkröfu óskráðra hlutabréfa
- Mat á framtíðargreiðsluflæði
- Mat á hvort markaðskrafa sé viðeigandi
- Mat á grunnkröfu skuldabréfa
- Mat á skuldaálagi skuldabréfa

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum og skuldabréfum með stopul viðskipti vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði:

- Ferli við fjárfestingar og mat var yfirfarið.
- Eftirlitsaðgerðir við mat á skuldabréfum voru prófaðar.

- Fyrir áhættumiðað úrtak var lagt mat á aðferðafræði og forsendur óskráðra hlutabréfa, hlutdeildarskírteina og framtakssjóða og kallað var eftir stuðningsgögnum að baki verðmati og tilvist viðmiðunarviðskipta staðfest.
- Fyrir áhættumiðað úrtak skuldabréfa var lagt mat á aðferðafræði og forsendur eins og grunnkröfur, skuldaálag og mótaðilaáhættu.
- Farið var yfir flokkun óskráðra fjárfestinga í þrepaskiptingu gangvirðis.

Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar. Sjá nánar í skýringum 10, 12, 14 og 25–34

• Mat á lífeyrisskuldbindingu

Lífeyrisskuldbinding sjóðsins nam 397.796 m.kr. þann 31. desember 2024 (363.162 þann 31. desember 2023). Tryggingafræðileg staða þann 31. desember 2024 nam -2,4% þar sem skuldbindingar voru umfram eignir í árslok (-4,5% í árslok 2023). Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð út af tryggingastærðfræðingi sem er ekki starfandi hjá sjóðnum.

Lykilatriði sem kröfðust mats voru:

- Mat á sértækum lífslíkum
- Mat á sértækum örorkulíkum
- Sértækir útreikningar

Vegna þess hve flóknir útreikningarnir eru og vegna stærðar og mikilvægi fyrir sjóðinn, teljum við mat á lífeyrisskuldbindingu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

► Viðbrögð endurskoðenda

Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þessu lykilatriði, með aðstoð innri tryggingastærðfræðings Deloitte eftir atvikum:

Mátum óhæði og hæfni tryggingastærðfræðings.

- Ferli við útreikninga var yfirfarið.
- Framkvæmdar voru greiningar á sértækum lífs- og örorkulíkum sem notaðar eru við útreikning við staðlaðar lífs- og örorkulíkur gefnar út af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Álit Grundvöllur og megin- áherslur


Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Í EFNIS-
YFIRLIT



Kópavogi, 19. mars 2025

Deloitte ehf.



Geir Steindórsson
löggiltur endurskoðandi




Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		8.415.228	7.741.762
Iðgjöld launagreiðenda		16.970.870	15.438.498
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(46.358)	(112.201)
		25.339.740	23.068.058
Sérstök aukaframlög		44.403	40.915
	6,15	25.384.143	23.108.973
Lífeyrir:			
Heildarfjárhæð lífeyris	7,16	13.667.290	11.642.324
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		119.372	118.967
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		3.585	2.946
		13.790.247	11.764.237
Hreinar fjárfestingartekjur:			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	8,17	35.767.943	24.757.237
Hreinar tekjur af skuldabréfum	8,18	12.268.129	10.930.129
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		2.480.002	3.083.882
Vaxtatekjur af handbæru fé		611.392	356.152
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		58.139	37.908
Fjárfestingargjöld	9,19	(36.001)	(21.018)
		51.149.604	39.144.290
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	20–24	1.094.049	894.634
Aðrar tekjur		7.585	7.781
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		61.657.036	49.602.174
Hrein eign frá fyrra ári		415.175.038	365.572.864
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		476.832.074	415.175.038

Breyting
á árinu

Eignir jukust um 14,9% árið 2024



Eignir í árslok voru
477 milljarðar

Stækkun á ári sl.

5 ár: 12,2%

10 ár: 11,8%

15 ár: 11,6%




Efnahagsreikningur 31.12.2024

	Skýr.	2024	2023
Fjárfestingar:			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	25–28	268.123.320	222.872.221
Skuldabréf	29–31	159.746.408	147.005.922
Bundnar bankainnstæður		38.490.583	36.386.393
Aðrar fjárfestingar		1.800	1.800
		466.362.111	406.266.335
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur		950.000	850.000
Aðrar kröfur	35	1.112.414	767.006
		2.062.414	1.617.006
Ýmsar eignir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir	36	18.222	0
Handbært fé		8.882.252	7.725.109
Eignir samtals		477.325.000	415.608.451
Skuldir:			
Skuldir við lánastofnanir			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	37	450.414	392.151
Aðrar skuldir	38	42.513	41.262
Skuldir samtals		492.926	433.413
Hrein eign til greiðslu lífeyris		476.832.073	415.175.038
Skuldbindingar utan efnahags	13	26.820.743	24.975.403

Eignir og
skuldir
í lok árs


Sjóðir og ávöxtunarleiðir





Sjóður / ávöxtunarleið	2024	Vægi	Breyting í %
Séreignarsjóður	251.729	52,8%	14%
Ævisafn I	59.854	12,6%	19%
Ævisafn II	101.267	21,2%	13%
Ævisafn III	52.877	11,1%	19%
Innlánasafn	35.014	7,3%	4%
Ríkissafn langt	1.546	0,3%	14%
Skuldabréfasafn	1.172	0,2%	32%
Samtr.sjóður	225.103	47,2%	15%
Sjóður í heild	476.832		15%

Iðgjöld jukust um 10%

Greidd iðgjöld voru 25,4 milljarðar




Skipting iðgjalda




Lífeyrir ↑17%, úttektir ↑19%




Greitt samtals til sjóðfélaga 13,7 ma.



Tegundir séreignargreiðslna 2024



Tegundir lífeyris úr samtryggingu 2024





Tryggingafræðileg úttekt

Samanburður á eignum og skuldbindingum





Almenni lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í
árslok 2024



Febrúar 2025

Tryggingafræðileg úttekt samtryggingarsjóðs 2024

Hvað er verið að reikna?

Mat á eignum og áætluðum skuldbindingum



Gögn



- Eignir
- Skuldbindingar. Uppl. úr lífeyriskerfi
 - Iðgjöld
 - Uppsöfnuð réttindi
 - Lífeyrisgreiðslur

Forsendur

- Árleg raunávöxtun 3,5%
- Dánartöflur eru m.v. spá FÍT um um lækkingu dánartíðni til framtíðar með 20% frádragi
- Sérhæfðar örorkulíkur sjóðfélaga 2014 - 2018
- Íslenskar staðlaðar barnseigna- og hjúskaparlíkur sem byggja á reynslu árána 2019-2023.




Tryggingafræðileg staða 31.12.2024



Staðan batnaði nokkuð árið 2024 vegna góðrar ávöxtunar eigna

Þróun áfallinnar skuldbindingar 2024




10,6%
aukning
milli ára,
mest vegna
4,8% verð-
bólgu


Samanburður á niðurstöðum




Skuldbindingar í milljörðum




Hlutfallsleg skipting skuldbindinga



Mismunur í % af skuldbindingum með sérhæfðum forsendum



Hlutfall örokulífeyris af lífeyrisgreiðslum






- Traust réttindi
- Sambland séreignar og samtryggingar skapar sveigjanleika
- Sjóðfélagar hafa val um sjö ávöxtunarleiðir
- Eignir sjóðsins eru vel dreifðar og eignastýring er markviss
- Sjóður leggur áherslu á upplýsingar til sjóðfélaga
- Sjóðfélagar geta stýrt eigin málum á sjóðfélagavef



Kynning á fjárfestingarstefnu 2025

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri



Fjárfestingarstefna 2025



Efnisyfirlit

- I. Um Almenna lífeyrissjóðinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2025
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Stefna Almenna lífeyrissjóðsins um ábyrgar fjárfestingar

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Reglur um lán til sjóðfélaga

Helstu breytingar

Ævisöfn og samtryggingarsjóður

- Stefna um fjárfestingar í erlendum sérhæfðum hlutabréfasjóðum aukin lítillega, ST og ÆII úr 7% í 8%, ÆIII úr 4% í 4,5%, ÆI úr 9% í 10%
- Á móti er dregið úr vægi skráðra erlendra hlutabréfa
- Stefna um fjárfestingar í erlendum skuldabréfum aukin lítillega, ST og ÆII úr 5% í 6% og ÆI úr 3,5% í 4%
- Á móti er dregið úr vægi innlána



Húsnaðissafn fékk nýtt nafn og heitir nú **Skuldabréfasafn**

- Stefna um fjárfestingar í sértryggðum skuldabréfum, sveitarfélagabréfum og fyrirtækjaskuldabréfum aukin
- Dregið úr stefnu um fjárfestingar í innlánnum og veðskuldabréfum
- Safnið fjárfestir nú í dreifðu safni innlendra skuldabréfa

Stofnuð var ný ávöxtunarleið, Erlent verðbréfasafn


Tiltölulegar litlar breytingar gerðar að öðru leyti á fjárfestingarstefnu ávöxtunarleiða

Samtryggingarsjóður




* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, blönduð söfn



* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, innlán og skuldabréf



Séreign, Erlent verðbréfasafn




Fjárfestingarstefna

Erlent verðbréfasafn


Skuldabréf/hlutabréf

30 70

Sveiflur



Mikil eignadreifing




* Sérhæfðir sjóðir eru taldir með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Árið 2024: Áfram draga erlend hlutabréf vagninn





1,0Y (31.des'23 - 31.des'24)



Árið 2024: Góð ávöxtun á kosningaárinu mikla




Langtímaávöxtun blandaðra safna góð



Þróun á mörkuðum síðastliðin 5 ár




5,0Y (31.des'19 - 31.des'24)




Innlend skuldabréf um 161 milljarðar

Góður kjarni í eignasöfnum



Markaðsskuldabréf um 106 ma.kr.
Meðalraunávöxtun 3,9% í 6-7 ár





Heildarsafn um 161 ma.kr.
Meðalraunávöxtun 3,7% í 7-8 ár



Innlend hlutabréf um 56 milljarðar






Vel dreift eignasafn á bæði fyrirtæki og atvinnugreinar



Fjárfest í yfir 80 íslenskum fyrirtækjum

Erlendar eignir um 210 milljarðar



Mikill vöxtur erlendra eigna síðustu ár



Dökki hlutinn sýnir hlutfall erlendra eigna í ávöxtunarleiðum

Erlend hlutabréf

Um 4700 skráð fyrirtæki víðsvegar um heiminn



Erlend skuldabréf

Aukið vægi erlendra skuldabréfa í söfnum



Eignir

Stærstu flokkar	%	ma.kr.
Ríkisskuldabréf, skráð	45,9	11,9
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð	20,3	5,3
Lánasjóðir, óskráð	22,0	5,7
Skammtímasjóður & laust fé	11,8	3,1
M.v. mars 2025	100,0	26,0

Meðal-	
ávx.	tími
%	ár
4,2	5,9
4,7	5,9

Ábyrgar fjárfestingar



- Samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli
 - Stefna um ábyrgar fjárfestingar og eigendastefna hluti af fjárfestingarferli
 - Hluti af heildaráhættumati fjárfestinga
 - Í samræmi við gildandi reglur um sjálfbærniupplýsingagjöf
 - Tilgangur regluverks að samræma upplýsingagjöf, sporna gegn grænþvotti & greiða fyrir sjálfbærum fjárfestingum
- Umhverfisáhrif fjárfestinga
 - Áhersla á að greina & gefa heildstæða mynd af eignasafni sjóðsins
 - Viðeigandi mat & áreiðanleg gögn, í samræmi við þróun sjálfbærnilöggjafar
- Styður við markmið um góða langtímaávöxtun
 - Áherslur á sjálfbærni hjá fyrirtækjum fari saman við markmið sjóðsins um góða langtímaávöxtun



Fjárfestingarumhverfið

RÍKI verðtryggð

2,7% til 4,9%

(2,4% til 3,3% (2024))

RÍKI óverðtryggð

6,6% til 7,7%

(6,4% til 9,9% (2024))

USA 10 ára RÍKI

4,1%

(4,4% (2024))

Ísland

V/H 37

(26,2 (2024))

Sértryggð verðtryggð

3,5% til 4,8%

(3,4% til 4,1% (2024))

Sértryggð óverðtryggð

7,7% til 7,9%

(8,1% til 10% (2024))

DE 10 ára RÍKI

2,65%

(2,4% (2024))

USA


V/H 26,7

(23 (2024))


Yfirlit markaða frá áramótum



0,3Y (31.des'24 - 02.apr'25)



Ávöxtun frá áramótum til 3.4.2025




Daglegt gengi í 27 ár



Skoða gengi fyrir: 02.04.2025

Blönduð söfn	Gengi		Frá áram.	Nafnávöxtun (%)			
	Sveiflur	Gengi		1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Samtryggingarsjóður		7.533,2	-2,2	5,5	5,5	8,6	7,6
Ævisafn I		6.847,8	-3,1	5,2	5,9	10,7	8,0
Ævisafn II		7.717,6	-2,1	5,5	5,7	9,2	7,6
Ævisafn III		5.236,5	-0,5	5,9	6,7	7,4	6,7
Innlend söfn	Gengi		Frá áram.	Nafnávöxtun (%)			
	Sveiflur	Gengi		1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Ríkissafn		2.884,1	1,2	6,2	3,2	4,1	5,4
Innlánasafn		2.758,0	1,5	6,3	8,0	6,9	5,5
Skuldabréfasafn		1.636,7	1,9	7,0	7,6	6,6	
Erlend söfn	Gengi		Frá áram.	Nafnávöxtun (%)			
	Sveiflur	Gengi		1 ár	3 ár	5 ár	10 ár
Erlent verðbréfasafn		973,0	-2,7				



Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Endurskoðun samþykkt 2025

Tillögur fyrir ársfund





Tillögur að breytingum á samþykktum **Breytingar í hnotskurn**

Efnisbreytingar:

- Heimild veitt stjórn til að halda rafræna fundi, þar með talið málefna kosningar
- Lagt til undanþáguákvæði vegna viðmiðunar ára tekna við framreikning og útreikning á tekjuviðmiðs
- Lagt til stjórn að verði einungis skipuð aðalmönnum; varamenn falla því út
- Veitt rýmri heimild til boðunar ársfunda, ekki lengur einungis bundið við dagblöð

Formbreytingar:

- Tillögufrestur til að leggja fram breytingartillögur verður fjórar vikur í stað eins mánaðar
- Umboðsákvæði vegna málefna kosninga felld út
- Orðalagsbreytingar, skýringar og viðbætur í kafla um örorkulífeyri
- Aðlögun viðmiðunarfjárhæða vegna vísitöluhækkana



8. gr. samþykktar

Rafrænir árs- og sjóðfélagafundir

- 8.1. Tillögur til breytinga á samþykktum skulu hafa borist stjórn sjóðsins ~~einum mánuði~~ **fjórum vikum** fyrir ársfund/sjóðfélagafund og ber að geta þeirra í fundarboði
- 8.2. Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 102.364.000 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 489,3 stig í janúar 2021.
- 8.3. [Núverandi ákvæði – lagt til að fella brott]
- ~~Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf annað hvort að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum og bundið við tiltekinn fund.~~
- 8.3. [Tillaga að nýju ákvæði í stað þess sem felld er brott]

Stjórn er heimilt að ákveða að ársfundir eða sjóðfélagafundir séu haldnir rafrænt, að hluta eða öllu leyti. Fundarboð skal greina frá slíkri framkvæmd og tilgreina eða vísa til nánari upplýsinga um framkvæmd rafrænnar atkvæðaaðreiðslu.

19. gr. samþykkt

Viðmunartekjur

- 19.3 Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til samtryggingarsjóðsins sbr. töflu nr. 2 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða lífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér með greiðslum til 65 ára aldurs sbr. töflu 2 í 6. kafla. Við framreikning réttinda skal reikna með meðalinnborgun næstu þriggja almanaksára áður en orkutapið átti sér stað. **Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda.** [feitiletraði textinn kemur til viðbótar núverandi ákvæði, sjá einnig breytingu á ákvæðum 19.6 og gr. 19.8] Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum en greidd hefðu verið af **45 30** milljón kr. árslanum, sbr. grein 4.5.
- 19.6 Örorkumatið skal miða við hæfi sjóðfélaga til þess að afla sér launatekna. Hundraðshluta örorku skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu umsækjanda og upplýsingum um störf og launatekjur umsækjanda á síðustu þremur árum og möguleika hans á öflun launatekna á matsdegi.
- ~~Telji stjórn sjóðsins þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna t.d. sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar lengra tímabil, sbr. ákvæði 19.3 og 19.8 þrjú bestu árin af síðustu fimm árum.~~
- Telji sjóðurinn þrjú síðustu ár vera sjóðfélaganum óhagstæð vegna sjúkdóma, náms, barnseigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar lengra tímabil í samræmi við ákvæði 19.3 og 19.8.
- [Lagt til að aðlaga texta í samræmi við breytingar í ákvæðum 19.3 og 19.8].

- 19.8 ~~Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni.~~ [Lagt til að fella texta út og færa efnislega sambærilegt ákvæði undir gr. 19.3] Aldrei skal örorkulífeyrir **og barnalífeyrir skv. 20. gr. samþykkt** [Lagt til að bæta við feitiletra texta] vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.

Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu þrjú almanaksár fyrir orkutapið, sbr. gr. 19.3 um framreikning. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á launavísitölu. **Reynist þriggja ára meðaltal sjóðfélagans óhagstætt vegna sjúkdóma, náms, barneigna og/eða atvinnuleysis er heimilt að leggja til grundvallar meðaltal átta almanaksára fyrir orkutapið og sleppa því almanaksári sem lakast er sem og því almanaksári sem hagstæðast er. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld í skemmri tíma en átta ár fyrir orkutapið skal reikna út frá viðkomandi árafjölda. Viðmiðunartekjurnar taka breytingum frá úrskurðardegi í samræmi við breytingar sem verða á launavísitölu.** [feitiletraði texti kemur til viðbótar núverandi ákvæði, sjá einnig breytingu á gr. 19.3 og gr. 19.6]

19. gr. samþykkt

Orðalagsbreytingar, skýringar og viðbætur

- 19.3 Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% til 100%. **Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris skal margfalda með örorkuprósentunni til a reikna út örorkulífeyri.** [Lagt til að bæta feitletraða texta við, en taka út efnislega sambærilegan texta í ákvæði 19.8]
- 19.8 ~~Örorkulífeyri skal margfalda með örorkuprósentunni.~~ [Lagt til að fella texta út og færa efnislega sambærilegt ákvæði undir gr. 19.3] Aldrei skal örorkulífeyrir **og barnalífeyrir skv. 20. gr. samþykkt** [Lagt til að bæta við feitletra texta] vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir vegna örorkunnar. Því til sönnunar getur stjórn sjóðsins krafist vottorða frá skattstofu, vinnuveitanda o.s.frv.
- 19.10 Örorkulífeyrisþegum er skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu örorkulífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur. [Lagt til að bæta við þessari grein]

5. gr. samþykkt – um stjórn sjóðsins



- 5.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

~~Varamenn í stjórn eru þrír sjóðfélagar sem kjörnir eru í rafrænum kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.~~

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund. ~~og einn til vara.~~ Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Eingöngu sjóðfélagar eru kjörgengir til stjórnar og njóta kosningaréttar í stjórnarkjöri sjóðsins. Viðmiðunardagur fyrir kjörgengi eru næstliðin áramót fyrir ársfund, sbr. gr. 8.2. í samþykktum þessum.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs, ~~bæði aðalmanna og varamanna,~~ ræðst af skilyrðum ~~1., 2. og 3.~~ **1. og 2.** mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.

~~Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.~~

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

5. gr. samþykkt – um stjórn sjóðsins

Sólarlagsákvæði vegna varamanna

- 5.12. **Varamenn sem sitja í varastjórn sjóðsins við gildistöku samþykkt þessara skulu sitja út kjörtímabil sitt. Varamenn skulu boðaðir til setu í stjórn í fjarveru aðalmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja í stjórn sem aðalmenn. Ákvæði þetta fellur niður eftir ársfund sjóðsins árið 2028.**

5. gr. um hæfi stjórnarmanna og sérstakt hæfi

Tillaga um að fella út upptalningu úr lögum

- 5.2. Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, ~~s.s. um búsetu, lögræði og fjárræði.~~

5. gr. samþykkt

Tillaga um að bæta við lýsingu á sérstöku hæfisskilyrði

- 5.11. **Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, sbr. 9. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við ákvarðanatöku skulu stjórnarmenn fylgja almennum reglum og viðmiðum um sérstakt hæfi og víkja sæti þegar við á.**

7. gr. boðun ársfunda

7. gr. samþykkt

Tillaga um breytingu á orðalagi boðunar ársfunda

- 7.2. Stjórnin skal boða ársfund með minnst 14 daga fyrirvara með **opinberri auglýsingu í að minnsta kosti einum miðli sem hefur viðtæka útbreiðslu á Íslandi** ~~auglýsingu í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur viðtæka útbreiðslu á Íslandi~~ og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slík boðun tryggileg. Í fundarboði skal geta dagskrár og tilgreina fyrirkomulag rafrænnar kosningar til stjórnar. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Vísitölubreytingar



- 4.5. Greiði sjóðfélagi af hærri árslaunum en **45 milljónum kr. 30 milljónum kr.** til sjóðsins skal endurgreiða til séreignar sjóðfélagsins þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyristryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein. 19.3. og töflu 5. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok maí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar **2025, 634,7. 2014, 416,7.**

- 8.2. Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við **102.364.000 kr. 132.782.405 kr.** inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala **634,7 í janúar 2025. 489,3 stig í janúar 2021.**
- 12.7. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir **kr. 1.828.995 kr. 1.410.100**, en sú fjárhæð breytist **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025. 489,3 í janúar 2021.** Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum 12.2., 12.3. og 12.5. í samþykktum þessum eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.

- 19.1. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir eftirfarandi skilyrði.

1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en **110.000 kr. 84.700 kr.** hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í **janúar 2025, gildi 634,7. janúar 2021, gildi 489,3.**

2. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili.

3. Sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

- 20.5 Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki **49.034 kr. 37.801 kr.** á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega eða hverju barni látins sjóðfélaga. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi verður greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025. 489,3 í janúar 2021.**

- 23.5 Ef lífeyrisréttindi ná ekki **13.230 krónum 10.200 krónum** á mánuði er stjórn sjóðsins heimilt að greiða réttindin sem eingreiðslu í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Upphæðin breytist **árlega** í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **634,7 í janúar 2025. 489,3 stig í janúar 2021.** Við eingreiðslu lífeyrisréttinda falla makalífeyrisréttindi niður.

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Kosning í endurskoðunarnefnd

Tillaga um eftirtalda tvo óháða aðila í endurskoðunarnefnd árið 2025-2026.

- Helga Harðardóttir, löggiltur endurskoðandi
- Eiríkur Þorbjörnsson, deildarstjóri hjá Verkís

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Kosning endurskoðunarfélags

- Samkvæmt grein 6.2 í samþykktum sjóðsins skal ársfundur kjósa endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að endurskoða ársreikning lífeyrissjóðsins. Tillögum um endurskoðunarfélag skal skila viku fyrir ársfund
- Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að Deloitte ehf. verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins
- Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Deloitte ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2025

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Tillaga starfskjaranefndar um stjórnarlaun 2025-2026

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 251 þúsund krónur á mánuði vegna komandi starfsárs
- Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun
- Stjórnarmenn fá auk þess greitt sérstaklega sem nemur einum mánaðarlaunum fyrir hvern fund utan reglubundna fundi samkvæmt starfsætlun stjórnar en þó að hámarki þrjá fundi á ári. Með aukafundum er átt við sérstaka vinnufundi stjórnar og fundi stjórnar án starfsmanna.
- Stjórnarmaður sem stenst hæfismat hjá Fjármálaeftirliti fær greidd 2 mánaðarlaun stjórnarmanns
- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 251 þúsund og 201 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður (80% af launum aðalmanns)
- Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna
- Laun til undirnefnda stjórnar (endurskoðunarnefnd, kjörnefnd) taki mið af launum stjórnar og nemi hálfum stjórnarlaunum eða 125.500 krónur á mánuði til almennra nefndarmanna og 251 þúsund krónur á mánuði fyrir formenn

Með þeirri hækkun sem lögð er til að verði á launum stjórnarmanna er brugðist við hækkun launavísitölu samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands eins og gert hefur verið á liðnum árum en vísitalan hefur hækkað um 6,6% á milli ára.

Dagskrá



1. Skýrsla stjórnar
Sigríður Magnúsdóttir, formaður stjórnar
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri
3. Kynning á fjárfestingarstefnu
Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
Helgi Pétur Magnússon, lögmaður sjóðsins
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnir niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs
Ólafur Jónsson, formaður kjörnefndar
6. Kosning í endurskoðunarnefnd
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

| Ársfundur 2025

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 17:15 fimmtudaginn 3. apríl 2025

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2024 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar. Úrslit tilkynnt.
6. Kosning í endurskoðunarnefnd.
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um laun stjórnar.
9. Önnur mál.

Ársreikning sjóðsins, nánari upplýsingar um ársfundinn og tillögur um breytingar á samþykktum má nálgast á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Rafrænt stjórnarkjör

Rafrænt stjórnarkjör fer fram frá kl. 12:00 þann 26. mars til kl. 16:00 þann 2. apríl 2025. Að þessu sinni eru tvö sæti karla til kjörs í aðalstjórn og tvö sæti í varastjórn, annað skal skipað karli en hitt má skipa karli eða konu. Upplýsingar um frambjóðendur og leiðbeiningar um fyrirkomulag kosninga er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Streymt verður frá fundinum á www.almenni.is.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins